

Umsögn skipulagsfulltrúa vegna Miðbakka

Til stendur að gera Miðbakka að torgi, sem er liður í því að endurheimta almenningssvæði sem hafa farið undir bílastæði, nú þegar bílakjallarinn undir Austurhöfn opnar í vor. Í sumar verða ýmis tímabundin verkefni sett upp á svæðinu með fjölbreyttri notkun sem henta fjölskyldunni allri. Svæðið er vel staðsett í miðborginni í nálægð við mikilvæg uppbyggingarsvæði. Verkefnin sem sett verða upp verða tímabundin og líta má svo á að verið sé að prófa hvaða notkun hentar svæðinu best. Til þess að vekja athygli á því að svæðið sé í breytingarferli verður svæðið allt málað í áberandi litum og munstri af ungum listamönnum.

Í umsögninni er verkefnunum skipt upp og gert grein fyrir því hvað hver liður kostar. Kostnaðurinn skiptist jafnt á milli Faxaflóahafna og Reykjavíkurborgar.

Hjólabrettasvæði

Fagleg leiðsögn: Steinar Fjeldsted

Lengi hefur verið óskað eftir hjólabrettasvæði í miðborginni og stendur til að koma slíku svæði upp á Miðbakkannum. Svæðið verður um 700 fm að stærð, fremur ílangt með römpum og kössum sem eru sérhannaðir fyrir hjólabrettaiðkun. Svæðið verður hannað í samráði við hjólabrettaiðkendur og aðila sem rekur hjólabrettaskóla í borginni. Gæta þarf vel að öryggi þar sem hjólabrettavöllurinn í nálægð við hafnarstarfsemi, bílastæði og umferðargötu. Gert er ráð fyrir stólpum í kringum svæðið með neti á milli. Áætlaður heildarkostnaður 7 milljónir + vsk.

Hjólaleikvöllur

Fagleg leiðsögn: Sesselja Traustadóttir

Á hjólaleikvöllum læra börn umferðarreglurnar á hjólum, hlaupahjólum, sparkhjólum og fl. Börnin leika sér að því að fara meðfram stígum og læra um leið á umferðarmerkingar og að sýna tillit í umferðinni. Leikvöllurinn verur unnið í samráði við Hjólafærni. Hjólaleiðirnar verða afmarkaðar með gróðri, pöllum og málningu. Hönnun svæðisins verður sérstaklega unnin með börn í huga. Áætlaður heildarkostnaður 5 milljónir + vsk.

Matartorg

Matarvögnum og matarbilum verður boðin aðstaða gegn vægri leigu og föstum opnunartíma yfir sumarið. Bekkjum, skjólveggjum og öðru slíku verður komið upp á matartorginu ásamt því að það verður skreytt í takt við svæðið allt. Auk þess þarf að setja upp rafmagnskassa með þriggja fasa rafmagni og afmarka stæði fyrir vagnana. Vinna rafvirkja og gott samstarf við Veitur skipta höfuð máli í þessum hluta verkefnisins. Áætlaður kostnaður við rafmagnskassa og matartorgið er 2,5 milljónir + vsk.

Körfuboltavöllur

Körfuboltavöllur í miðborginni hlaut kosningu í hverfakosningu í hjá Reykjavíkurborg, og því var búið að úthluta 2,5 milljónum með vsk, í það verkefni. Upphæðin nægir til þess að setja upp eina körfu og undirlag en ekki til þess að girða völlinn af. Ef setja á upp 4 metra girðingu mun það kosta um 2,5 milljónir + vsk til viðbótar. Girðingin þarf að vera aðlaðandi en um leið örugg.

Svið og hljóðkerfi

Svið fyrir dans, tónleika og óvæntar uppkomur meðal annars á borgarhátíðum eins og Reykjavík Pride og Menningarnótt. Í tengslum við sviðið verða stórir innbyggðir hátalarar sem þola bæði veður og vind. Hægt verður að tengjast hátölurum í gegnum Bluetooth þannig að gestir svæðisins eru líka plötusnúðar. Áætlaður kostnaður vegna sviðs og hátalara eru 3 milljónir + vsk.

Rútustæði

Reykjavíkurborg hefur óskað eftir því að komið verði fyrir rútustæðum á svæðinu. Kostnaður við uppsetningu fer á annað verkefni. Það þarf að setja upp aðgangsstýrða rafmagnsslá til þess að hleypa rútum hringinn í kringum Brimhúsið.

Salerni

Ekki eru salerni á svæðinu í dag en með auknum straumi fólks þangað þarf að koma upp salernum, lagt er til að notuð verði gámasalerni sem þarf að tengja í bæði vatn og fráveitu. Það er aðeins ein fráveitutenging á svæðinu en hún er í innkeyrslu er notuð fyrir rútur inn á svæðið. Það þarf því að grafa fyrir lögnum. Áætlaður kostnaður við leigu á salernisgám yfir sumartímann er um 450 þúsund + vsk en vinna við lagnir um 1,5 milljón + vsk.

Hliðslá vegna bílastæða

Setja þarf upp nýja hliðslá vegna bílastæða sem tilheyra Hafnarhúsinu og starfsemi hafnarinnar. Sláin þarf að vera tengd bæði með GSM tengingu og með seglum. Áætlað er að hliðsláin ásamt niðursetningu kosti um 2 milljónir + vsk.

Grafísk útfærsla og málning á torginu

Svæðið allt verður meira eða minna málað á líflegan hátt þannig að mismunandi notkun á svæðinu tengist saman. Eitt og sama hönnunarteymið, skipað arkitektum og grafískum listamönnum, kemur því að því að gefa svæðinu þessa heildarmynd. Verkefnið er nokkuð umfangsmikið hvað hugmyndarvinnu og hönnun varðar en líka hin eiginlega vinna við að mála torgið og gefa því heildarsvip. Kostnaðurinn við málningarvinnu er áætlaður um 5 milljónir + vsk.

Hreinsun á svæðinu

Gert er ráð fyrir að svæðið verði hreinsað 3 sinnum í viku, í 12 vikur, í 3 klst í senn. Svæðið verður hreinsað fyrir hádegi en í næturvinnu til þess að spara þó nokkurn kostnað. Kostnaður við hreinsun er áætlaður 2,2 milljónir + vsk.

Kostnaður við verkefnið í heild sinni:

Hjólabrettasvæði	7 milljónir + vsk
Hjólaleikvöllur	5 milljónir + vsk
Matartorg	2,5 milljónir + vsk
Körfuboltavöllur (2,5 milljónir úr Betri RVK)	2,5 milljónir + vsk
Svið og hljóðkerfi	3 milljónir + vsk
Salerni	1,95 milljónir + vsk
Grafísk útfærsla og málning á torginu	5 milljónir + vsk
Hliðslá vegna bílastæða	2 milljónir + vsk
Hönnunarkostnaður, samræmd hönnun	2 milljón + vsk
Ófyrirséður kostnaður	5 milljónir + vsk
Hreinsun á svæðinu í 12 vikur	2,2 milljónir + vsk
Samtals	38,15 milljónir + vsk

Heildarkostnaður skiptist jafnt á milli Faxaflóahafna og Reykjavíkurborgar, hlutur Faxaflóahafna er 19.075.000,- án vsk.

Virðingarfyllt,

Hildur Gunnlaugsdóttir, skipulagsfulltrúi Faxaflóahafna sf.